

Kröfur almenning og hagsmunasamtaka til Alþingis

12.01.2018

Til þeirra er málið varðar,

Í dag, á fullveldisdaginn sjálfan, er boðað til mótmæla við Alþingishús okkar Íslendinga á Austurvelli. Mótmæli þessi eru afleiðing af „klaustur málinu“ svokölluðu þar sem að þingmenn voru staðnir að því að ráðast á fjölda fólks í orðum sínum. Árásir þeirra voru ekki einungis á þá einstakling sem þeir tóku fram í ummælum sínum heldur á alla þá hópa sem hafa barist fyrir jöfnuði í margu áratugi. Nú er almenningur ásamt talsmönnum hluta þeirra hópa sem urðu fyrir þessum árásum saman komin til þess að krefjast breytinga.

Þessar kröfur eru ekki kurteisislegar beiðnir, þetta eru kröfur um tafarlausar breytingar!

Þess er krafist að frumvarp stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá verðið tekið upp án tafar og í kjölfarið af því farið í að taka upp nýja stjórnarskrá sem samþykkt var í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Við krefjumst tafarlausrar afsagnar ALLRA þeirra þingmanna sem komu að „klausturs-málinu“. Ekki einungis úr flokkum sínum heldur frá störfum sínum á Alþingi.

- Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar
- Gunnars Braga Sveinssonar
- Bergþórs Ólasonar
- Önnu Kolbrúnar Árnadóttur
- Karls Gauta Hjaltasonar
- Ólafs Ísleifssonar

Við krefjumst tafarlausrar rannsóknar á lögbrotum og brotum á siðareglum Alþingis sem komst upp um í þessum upptökum.

Þá má til dæmis nefna:

- Drykkja á vinnutíma sem varðar við þingskapalög.
- Hrossakaup Bjarna Benediktssonar við Gunnar Braga og Sigmund Davíð varðandi Geir H. Haarde og sendiherrastöður sem varða við Almenn hegningarlög.
- Skýrt brot á fjölda liða siðareglna alþingismanna.

Við krefjumst þess að breytingar verði gerðar á málum þannig að reka má þingmenn af Alþingi gerist þeir brotlegir við lög eða siðareglur Alþingismanna. Þá skulu varabingmenn taka við stöðum þeirra sem er vísað frá Alþingi.

Auk þess krefjumst við tafarlausrar endurmenntunar allra starfsmanna Alþingis í jafnréttisfræðslu og eineltis málum.

Kröfur kvennahreyfingarinnar:

Afsögn klausturshópsins

Að allir þingmenn (núverandi og svo innan þriggja mánaða frá hverjum kosningum) sitji í gegnum tíu klukkustunda jafnréttisfræðslu, sem verður sameiginlega unnin af þeim félagasamtökum sem best þekkja til. (Svo sem, S78, Tabú, Trans Ísland o.s.frv.)

Öryrkjabandlag Íslands:

Sú fyrirlitning á fólk sem hefur komið fram í orðum tíunda hluta þingheims, sýnir að þingmennir eru með öllu ófærir um að gegna trúnaðarstörfum fyrir almenning. Þeir verða að taka pokann sinn. Flóknara er það ekki.

Aðrir þingmenn þurfa sömuleiðis að sýna það í verki að sami hugsunaráttur ráði ekki gerðum þeirra. Það verður ekki lengur við það búið að fólk sé dæmt til fátækta. Það verður ekki lengur við það búið að kjörnir fulltrúar beri fram útúrsnúninga og hálfsannleik. Við sættum okkur ekki við fyrirlitningu og froðusnakk. Við krefjumst aðgerða. Við krefjumst virðingar!

Yfirlýsing Samtakanna '78 vegna orðræðu Alþingismanna:

Að vera kjörinn fulltrúi á Alþingi er valdastaða sem ber að umgangast af virðingu. Þessum völdum fylgir ábyrgð, ábyrgð sem endurspeglast m.a. í síðareglum Alþingismanna þar sem tiltekið er að þau skuli: - rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika - leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbrigtr starfsumhverfi innan þings sem utan og hvarvetna þar sem þeir sinna störfum sínum þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti eða annari vanvirðandi framkomu Samtökin '78 vilja því koma því til skila að það er algjörlega óásættanlegt að kjörnir fulltrúar leyfi sér að tala með þeim hætti sem nú hefur verið gert opinbert. Kjörnir fulltrúar sem sumum hefur verið hampað fyrir vinnu sína í þágu jafnréttis. Samtal Alþingismanna á Klaustri lýsir djúpstæðri kvenfyrirlitningu, hinseginfóbíu og fötlunarfordómum sem ekki er hægt að una. Mannréttindabaráttu þessara hópa, sem og annarra minnihlutahópa, tvinnast saman og fylgist að. Það er því mikilvægt að við stöndum saman gegn orðræðu eins og þeiri sem við höfum heyrt af síðustu daga. Það er grafalvarlegt þegar þingmenn viðhafa slíka fordóma, þar sem um er ræða fólk með mikil völd í samfélagit og sem eiga m.a. að gæta hagsmunu kvenna, fólks með fötlun og hinsegin fólks. Við getum ekki treyst stjórnmalafólk sem talar svona. Við vitum af reynslunni, t.d. frá Rússlandi, Bandaríkjum, Bretlandi og Brasilíu, að þegar haturorðsræða er samþykkt af hálfu stjórnálamanna getur hún eitrað og smitað tit frá sér út í samfélagið. Orð eru til alls fyrst, og hegðun og orðfæri sem þetta gefur almennum borgurum til kynna að þessi viðhorf séu samþykkt, eðlileg og jafnvæl æskileg. Þaðan liggur beinn og breiður vegur yfir í hatursglæpi og afturför í réttindabaráttu minnihutahópa. Samtökin '78 skora á þingmenn og stjórnálaflokka að samþykja aldrei kvenfyrirlitningu, hinseginfóbíu eða fötlunarfordóma. Eitruð orðræða grefur undan öryggi jaðarsettra hópa og við minnum ykkur á að ábyrgð ykkar er gífurleg.

Yfirlýsing NPA miðstöðvar:

Á síðustu árum hafa verið stigin nokkur markviss skref í innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þó enn sé ótrúlega margt eftir.

Notendastýrð persónuleg aðstoð er vonandi ein að góðu sögunum og er orðin af rétti fatlaðs fólks, en þó vilja sumir meina að það sé einhver kvóti á slík mannréttindi og málinu er ekki að fullu lokið.

Fatlað fólk mætir ennþá miklum hindrunum í þjóðféluginu hvort sem er vegna aðgengis-hamlana eða fordóma.

Það er depurð í hjarta okkar að sjá framkomu Alþingisfólks í garð einnar af okkar helstu baráttukonum fyrir sjálfstæðu lífi fatlaðs fólks á Íslandi, og í raun í garð okkar allra. Þetta lýsir því viðhorfi sem margt fatlað fólk þarf að upplifa daglega úti í þjóðféluginu. Ef mark ætti að taka á orðum formanns Miðflokkssins gæti þetta viðhorf verið algengt á Alþingi. Með því viðhorfi myndi Alþingisfólk óneitanlega tapa trausti fatlaðs fólks að miklu leyti.

Alþingisfólk verður að átta sig á því að það hefur skyldum að gegna samkvæmt samningnum um að vinna gegn svona fordómum ásamt ýmsum öðrum skyldum.

Krafa okkar er að Alþingisfólk hafi þekkingu á mannréttindasamningum og lögum og temji sér að virða kjósendar sína alla, minnihlutahópa sem aðra.

Við skorum á alla kjörna fulltrúa til þess að setja sig betur inn í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Leggja sig fram um að hlusta á okkur, það sem við höfum að segja, virða mannréttindi og mannlega reisn okkar, til jafns við aðra borgara. Alþingisfólk getur unnið traust hjá okkur aftur með verkum sínum.

Eitt af fyrstu og auðveldum verkum sem Alþingisfólk gæti notað til að sýna vilja í verki er að ganga á eftir dómsmálaráðherra með að fullgilda valkvæðan viðauka við Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem kveðið var á um að gert yrði fyrir árslok 2017 í þingsályktunartillögu þess efnis.

Við erum tilbúin, en þið?

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson – fyrir hönd NPA miðstöðvar.

Femínistafélag Háskóla Íslands

Austurvöllur 1.des 2018

Við þurfum að horfast í augu við það að Ísland er ekki paradís fyrir konur. Þó svo að samkvæmt ýmsum stöðlum þá erum við besti staðurinn, eða meðal þeirra bestu, fyrir konur í heiminum. Þetta er ekki staðreynd sem við ættum að stoppa við, klappa okkur á bakið, og halda síðan ástandinu í sama horfi. Við erum skást, því ástandið er hvergi nógu gott.

Ég var þess heiðurs aðnjótandi að fá að vera sjálfboðaliði á Women Leaders Global Forum sem fór fram fyrr í vikunni. Þar voru hundruðir kvenkyns leiðtoga viðsvegar að úr heiminum. Þær hafa skarað fram í

stjórnmálum, viðskiptum, hjá góðgerðarsamtökum sem og á fleiri stöðum í sínum heimalöndum. Þeim var boðið hingað til lands til þess að ræða það hvernig við getum aukið kynjajafnrétti í heiminum og komið fleiri konum í leiðtogaþlutverk. Ég fékk að hlusta á ótrúlegar konur ræða saman um það hver raunveruleikinn er fyrir konur sem setja sig á framfæri. Það var ótrúlega valdeflandi en á sama tíma ógnvekjandi hlustun.

Að fréttu innihald samræðna nokkurra íslenskra þingmanna rétt eftir að hafa hlustað á konurnar voru mikil vonbrigði, en það var því miður í beinum takti við umræðu vikunnar. Á útopnu þá heyrum við #heforshe og stuðning við #metoo. En þegar komið er inn í nútímaútgáfu hins reykfyllta bakherbergis þá birtist annar raunveruleiki. Ég vil samt trúa því að þetta sé á undanhaldi. Því það er nefninlega fullt af frábærum karlmannum sem standa með konum fyrir jafnara samfélagi. Nú þurfði þið íslenskir karlar að standa upp og lýsa því yfir að þessir bakherbergiskarlar tali ekki fyrir ykkur. Þið þurfði að vera tilbúnir að grípa inní þegar þið heyrið svona hluti í raunheimum sem og á netinu. Ekki sitja á ykkur og leyfa þeim að telja að þið séuð þeim sammála. Til að umorða kvenréttindasinnann John Stuart Mill, höfundar bókarinnar „Kúgun kvenna“; Það eina sem slæmir karlar þurfa til þess að komast upp með hegðun sína er að góðir karlar horfi á og geri ekkert.

Til þingheims vil ég beina eftirfarandi orðum:

Virðing fyrir öllum þegnum landsins ætti að vera frumskilyrði fyrir því að starfa fyrir hönd þjóðarinnar á hæsta stjórnstigi hennar. Það er ekki hægt að treysta einstaklingum sem vanvirða með orðum sínum annað fólk. Þeir munu aldrei getað talað fyrir eða skilið hagsmuni þeirra sem þeir níða. Þessir þingmenn eru óhæfir til þess að tala málum kvenna, og þannig hálfrar þjóðarinnar, og ættu því að segja af sér hið fyrsta.

Sandra Kristín Jónasdóttir, Formaður Femínistafélags Háskóla Íslands